Saksóknari efnahagsbrota
Helgi Gunnar Magnússon
Embætti Ríkislögreglustjórans
Skúlagötu 21
105 Reykjavík

Bréf sama efnis er sent ríkissaksóknara.

Reykjavík, 25. september 2008.

Efni: Kæra á hendur stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) og forstjóra.

Fyrir hvað er kært og hinir kærðu. Fyrir hönd hóps fyrrum stofnfjáreigenda og hluthafa í SPRON, eru eftirtaldir stjórnarmenn í SPRON (fyrrverandi og núverandi) kærðir annars vegar fyrir brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hins vegar fyrir brot á IX. kafla laga nr. 33/2003.

1. Hildur Petersen, kt. 020855-5849, Hörgshlíð 26, Reykjavík (105)
2. Gunnar Þór Gíslason, kt. 181165-3759, Bergsmára 5, Kópavogi (201).
3. Ásgeir Baldurs, kt. 171172-5439, Lómasölum 13, Kópavogi (201).

Jafnframt eru eftirtaldir stjórnarmenn í SPRON og forstjóri SPRON kærðir fyrir hlutdeild í brotum, annars vegar á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og hins vegar á IX. kafla laga nr. 33/2003:

1. Erlendur Hjaltason, kt. 211157-7399, Auðarstræti 3, Reykjavík (105).
2. Ari Bergmann Einarsson, kt. 070649-7990, Laugarásvegi 26, Reykjavík (104).
3. Guðmundur Hauksson, kt. 020849-4799, Seljugerði 2, Reykjavík (108).

Er þess krafist að viðskipti stjórnarmannanna þriggja, Hildar, Gunnars Þórs og Ásgeirs Baldurs verði rannsökuð af lögreglu. Jafnframt telja kærendur ástæðu til að kanna allan feril viðskiptanna, þ.e. einnig fjármögnunina þegar stjórnarmennirnir keyptu bréfin sem seld voru og hverjum voru seld bréf stjórnarmannanna, m.a. m.t.t. þess hvort SPRON hafi hugsanlega í einhverjum tilvikum veitt kaupendum lánafyrirgreiðslu fyrir kaupunum eða jafnvel leyst eitthvað af bréfunum til sín.

* * *

Með bréfi dags. 23. júní 2008 taldi saksóknari efnahagsbrota ekki tilefni til að hefja rannsókn vegna gruns um refsiverða hegðun framangreindra einstaklinga vegna sölu þeirra á stofnfjárbréfum í SPRON á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007, sem vísvitandi var haldið leyndri fyrir stofnfjáreigendum og ekki var upplýst um fyrr en í febrúar 2008, eins og nánar er rakið hér að neðan í málavaxtalýsingu.

Kærendur eru ósammála þessu mati saksóknara efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra, eins og nánar er rakið í kæru þessari og telja að rannsaka beri þessi viðskipti eftir atvikum sem brot á 248. gr. almennra hegningarlaga eða brot á innherjareglum laga um verðbréfaviðskipti. Fyrir liggur að stjórnarmennirnir og/eða

aðilar þeim tengdir, högnuðust umtalsvert á þessum viðskiptum, einkum þó Sundagarðar ehf., fyrirtæki Gunnars Þórs Gíslasonar, sem seldi stofnfjárbréf fyrir kringum 2 milljarða króna á þessum tíma. Eftir að bréf saksóknara efnahagsbrota var ritað hefur komið fram í fjölmiðlum að litið er á verðmat Capacent á SPRON á sínum tíma sem trúnaðarskjal. Þegar af þeirri ástæðu stenst ekki sú fullyrðing saksóknara efnahagsbrota í áðurnefndu bréfi að stjórnarmenn hafi ekkert vitað um verðmatið umfram hinn almenna fjárfesti. Allar forsendur matsins eru í verðmatinu sjálfu og þær hafa aldrei verið birtar.

Kæra þessi er bæði send saksóknara efnahagsbrota auk þess sem samrit hennar er sent ríkissaksóknara.

Málavextir. Hinn 17. júlí 2007 samþykkti stjórn SPRON að leita eftir samþykki stofnfjáreigenda fyrir því að þeir samþykktu að SPRON yrði breytt í hlutafélag og að hlutafélagið yrði skráð á markaði. Frétt um þetta kom í fjölmiðlum strax sama dag og var þá jafnframt skýrt frá því að fyrirtækið Capacent hefði af stjórninni verið fengið til að meta verðmæti SPRON miðað við 31. mars 2007. Samkvæmt því mati var verðmæti SPRON rétt tæpir 59,4 milljarða króna pr. 31. mars 2007. Stjórn SPRON boðaði stofnfjáreigendur til fundar 21. ágúst 2007 og lagði fram tillögu um að SPRON yrði breytt í hlutafélag og að SPRON yrði skráð í Kauphöllina.

Fram kom í fjölmiðlum eftir fundinn 17. júlí 2007 að stjórnin hefði haft í höndum umrætt mat Capacent. Þótt ítrekað hafi verið eftir því leitað að mat Capacent væri birt hefur stjórn SPRON og forstjóri neitað því og borið fyrir sig að í því væru trúnaðarupplýsingar. Síðast reyndi á þetta á fundi hluthafa í SPRON hinn 6. ágúst 2008. Forstjóri svaraði ósk fundarmanns (framkvæmdastjóra Samtaka fjárfesta) um að birta verðmat Capacent með því að segja að matið mætti ekki birta vegna þess að það geymdi trúnaðarupplýsingar. Liggur þar með fyrir yfirlýsing forstjóra SPRON á fjölmennum fundi hluthafa þess efnis að stjórnarmenn í SPRON hafi haft undir höndum viðkvæmar upplýsingar umfram þær upplýsingar sem almennir fjárfestar á markaði höfðu. Kunnugir fullyrða að stjórn SPRON hafi haft fleiri möt á verðmæti SPRON undir höndum fyrir ákvörðunina 17. júlí 2007. Ómögulegt hefur reynst að staðreyna þetta, en kærendur telja að lögreglurannsókn myndi leiða þetta í ljós.

Af óskýrðum ástæðum ákvað stjórn SPRON að stofnfjármarkaður með stofnfjárbréf í SPRON skyldi opinn til 7. ágúst 2007. Væntingar markaðarins og fjárfesta voru miklar og var síst af öllu dregið úr þeim væntingum af hálfu forsvarsmanna SPRON. Strax næsta dag, 18. júlí, rauk gengi stofnfjárbréfa upp um a.m.k. þriðjung og þegar lokað var fyrir með viðskipti á stofnfjárbréfum 7. ágúst var verðmæti SPRON 103 milljarðar miðað við síðasta viðskiptaverð stofnfjárbréfa.

Kærendum er kunnugt um að einstaklingar voru hvattir til að fjárfesta í stofnfjárbréfum á þessum tíma með ummælum starfsmanna SPRON við viðskiptamenn sparisjóðsins um að fjárfestingin ætti eftir að margfaldast um leið og hlutabréf í SPRON yrðu skráð í Kauphöllinni. Kærendur telja það skjóta skökku við að starfsmenn SPRON skyldu hvetja einstaklinga til kaupa á stofnfjárbréfum á sama tíma og í ljós hefur komið að stjórnarmenn í fyrirtækinu voru að selja sín stofnfjárbréf.

Í Fréttablaðinu 15. ágúst 2007 birtist frétt um það að virði SPRON væri hátt yfir verðmati Capacent og að það munaði 43,6 milljörðum króna á markaðsvirði SPRON við lokun stofnfjárviðskipta og því verðmati Capacent sem haft væri til hliðsjónar. Í fréttinni

segir síðan: „Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, bendir á að verðmat Capacent miðist við 1. apríl en frá þeim tímapunkti hefur almenn hækkun orðið á félögum."

Hinn 21. ágúst 2007 var haldinn fundur stofnfjáreigenda þar sem stjórn og forstjóri SPRON gerðu grein fyrir verðmati SPRON og miklum væntingum til fyrirtækisins og hækkunar á verðmæti þess, ef stofnfjáreigendur myndu samþykkja að breyta því í hlutafélag. Engir fyrirvarar voru gerðir um verðmætið, þvert á móti var bæði á fundinum og í aðdraganda hans kynt undir miklar væntingar til áframhaldandi verðmætaaukningar SPRON og að breyting SPRON í hlutafélag væri nauðsynlegt til að tryggja áframhaldandi vöxt og viðgang SPRON. Ekki var minnst á það einu orði að þrír stjórnarmenn væru búnir að selja hluta stofnfjáreignar sinnar, fyrir umtalsverða fjármuni.

Viðskipti með hlutabréf í SPRON hófust 23. október 2007. Skemmst er frá því að segja að upphafsverð var verulega lægra en lokagengið á stofnfjármarkaðinum, eða 18,9. Síðan hefur gengi SPRON lækkað stöðugt og er nú milli 3 og 4. Markaðsverðmæti SPRON miðað við núverandi gengi er þannig kringum 15 milljarðar eða u.þ.b. fjórðungur af því verðmæti sem Capacent mat fyrirtækið á fyrir ári síðan.

Nýverið bárust þær fréttir að stjórn SPRON hefði gengið til samninga við Kaupþing um að SPRON rynni inn í Kaupþing miðað við gengið 3,8 á hlutabréfum í SPRON. Við yfirtöku Kaupþings er þannig miðað við að markaðsverðmæti SPRON sé 15 milljarðar króna. Þessi áform voru lögð fyrir hluthafafund 6. ágúst sl. Á fundinum kom fram megn óánægja með þessi áform, einkum hjá smærri hluthöfum, en breytingin var þó samþykkt og munaði þar miklu að SPRON-sjóðurinn ses greiddi atkvæði með yfirtökunni.

Síðari hluta ársins 2007 komu fyrst fram opinberlega vísbendingar um að stjórnarmenn í SPRON, einn eða fleiri, hefðu selt stofnfjárbréf á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007. Þessum viðskiptum stjórnarmannanna var haldið leyndum, bæði þegar þau fóru fram og eins var ekki frá þeim skýrt á fundi stofnfjáreigenda 21. ágúst 2007, eins og áður er rakið.

Í byrjun febrúar 2008 birti stjórn SPRON loks yfirlýsingu þar sem staðfest var að þrír af fimm stjórnarmönnum félagsins hefðu selt stofnfjárbréf á stofnfjármarkaði á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007. Hildur Petersen og tengdur aðili seldu stofnfjárhluti að nafnvirði 7.201.353 kr. Ásgeir Baldurs seldi stofnfjárhluti að nafnvirði 270.952 kr. Fyrirtæki tengt Gunnari Þór Gíslasyni seldi stofnfjárhluti að nafnvirði 188.657.257 kr. Í yfirlýsingu stjórnar SPRON er því haldið fram að stjórninni hafi ekki verið heimilt að birta upplýsingar um viðskipti innherja á þessum tíma. Bar stjórnin fyrir sig bréf Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2004. Aðspurt kannast FME ekki við að hafa bannað stjórn SPRON að birta upplýsingar af þessu tagi auk þess sem aldrei hefur verið upplýst opinberlega hvaða spurningu stjórnar SPRON FME var að svara með umræddu bréfi frá 2004. Fyrir liggur að þar var ekki verið að svara fyrirspurn sem með neinum hætti tengdist ákvörðun stjórnarinnar 17. júlí 2007 um að óska samþykkis stofnfjáreigenda fyrir því að breyta SPRON í hlutafélag og skrá það í Kauphöll.

Samtök fjárfesta beindu fyrirspurn til FME um hvort rétt væri að FME hefði lagt bann við birtingu upplýsinga um sölu stjórnarmanna í SPRON á stofnfjárbréfum. Í bréfi sem FME ritaði samtökunum dags. 26. mars 2008 sagði FME að ekki bæri að túlka bréf sitt

frá 2004 á þá lund að lagt væri bann við upplýsingagjöf, að því gefnu að fyrirkomulagið ylli ekki ruglingshættu. Nánar verður vikið að þessu svarbréfi FME hér á eftir.

Kærendur telja að sú staðreynd að þrír af fimm stjórnarmönnum í SPRON seldu á þessum tíma hljóti að þýða að þeir hafi vegna stjórnarsetu sinnar, og upplýsinga sem stjórn ein hefur undir höndum, haft vitneskju um það að hið háa gengi á stofnfjárbréfum í SPRON á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007 væri gengi sem aldrei myndi nást við skráningu á markað. Stjórnarmennirnir hafi þannig notað innherjaupplýsingar til að hagnast og jafnframt leyndu því að þeir væru að selja á þessum viðkvæma tíma.

Málsástæður og lagarök. Kærendur telja að með því að stjórn og forstjóri SPRON leyndu sölu þriggja stjórnarmanna á stórum hluta stofnfjáreignar sinnar á þessum tíma hafi öll stjórn SPRON og forstjóri, blekkt stofnfjáreigendur með refsiverðum hætti. Hafa verður í huga að á þessum tíma var sala á stofnfjárhlutum háð samþykki stjórnar SPRON. Sala stjórnarmannanna þriggja var því samþykkt af allri stjórninni. Stjórnarmenn sem ekki seldu eru því að mati kærenda sekir um hlutdeildarbrot vegna brota stjórnarmannanna á innherjareglum laga nr. 33/2003 eða 248. gr. almennra hegningarlaga.

Kæra á grundvelli 248. gr. almennra hegningarlaga byggist á athugasemdum með 56. gr. laga nr. 33/2003 (áður 42. gr. laganna) en þar segir m.a.:

„... Rétt er að benda á að í viðskiptum með óskráð verðbréfa geta þeir sem telja sig hafa verið hlunnfarnir borið fyrir sig ákvæði 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ..."

Á þessa staðreynd benti FME í áðurnefndu bréfi frá 26. mars 2008.

Í bréfi FME segir:

„Reglurnar [innherjareglur laga um verðbréfaviðskipti – innskot kærenda] taka því ekki til fjármálagerninga, s.s. stofnfjárbréfa eða hlutabréfa, fyrr en eftir að *óskað hefur verið eftir* að þeir verði teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða öðrum þeim mörkuðum sem taldir eru upp í ákvæðinu. Stjórnendum sparisjóða er því ekki skylt samkvæmt verðbréfaviðskiptalögum að birta upplýsingar um viðskipti sín með óskráð stofnfjárbréf félagsins fyrir framangreint tímamark Fjármálaeftirlitið bannar hins vegar ekki aðilum að birta upplýsingar um slík viðskipti ef þeir kjósa að gera slíkt að eigin frumkvæði og er stjórnendum því heimilt að birta slíkar upplýsingar.

Fjármálaeftirlitið vill sérstaklega benda á að í þeim tilvikum þegar innherjareglur verðbréfaviðskiptalaga eiga ekki við þá er ekki um lagalegt tómarúm að ræða í slíkum viðskiptum. Í viðskiptum með óskráða fjármálagerninga njóta samningsaðilar réttarverndar almennra reglna samningaréttar, s.s. ákvæða um upplýsingaskyldu seljanda og ákvæða um misneytingu og svik. Þá vernda almenn hegningarlög fjárfesta gagnvart fjársvikum."

Ómögulegt er að ráða af bréfi FME hvort FME telji að innherjareglur laga um verðbréfaviðskipti hafi verið byrjaðar að gilda á þeim tíma sem stjórnarmenn SPRON seldu á tímabilinu 18. júlí til 8. ágúst 2007. Augljóst er á hinn bóginn að stjórn og forstjóri SPRON skýla sér ranglega bak við FME þegar þessir aðila fullyrða að þeim hafi verið óheimilt að upplýsa um þessi viðskipti stjórnarmannanna.

Kærendur telja að ekki sé með nokkru móti unnt að túlka ákvæði IX. kafla umræddra laga með öðrum hætti en þeim að innherjareglur byrji að gilda í síðasta lagi um leið og stjórn ákveður að óska eftir skráningu í Kauphöll. Fyrir liggur að stjórn SPRON ákvað á fundi sínum 17. júlí 2007 að eftir slíkri skráningu yrði óskað. Í 56. gr. laga nr. 33/2003, eins og henni var breytt með 14. gr. laga nr. 31/2005, segir að fjármálagerningar sem

ákvæði IX. kafla laganna (sem fjallar um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja) taki til séu m.a. verðbréf sem skráð hafa verið eða *óskað hefur verið eftir að verði skráð* á skipulegum verðbréfamarkaði. (Leturbreyting kærenda). Í skýringum með ákvæðinu er ekki nánar kveðið á um það hvernig túlka beri ákvæðið, þ.e. hvenær tilkynningaskylda stofnast í þeim tilvikum að félög eru á leið á markað. Vísbendingu má þó finna í skýringum með 59. gr. laganna, en þar segir að tilkynna beri þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða útefandann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem verðbréf hans eru skráð. Í skýringunum segir:

> „... Erfitt er að gefa algilda leiðbeiningu um hvenær tilkynningarskylda útgefanda stofnast. **Ljóst er að hún getur stofnast áður en samningur er undirritaður eða formleg ákvörðun er tekin, t.d. í stjórn félags,** enda séu yfirgnæfandi líkur á að viðkomandi tilkynningarskyldur atburður muni eiga sér stað. ..." (Leturbreyting kærenda).

Kærendur fullyrða að það beri að túlka ákvæði 56. gr. laga nr. 33/2003 þannig að innherjareglur þeirra byrji að gilda gagnvart félagi sem hyggst leita skráningar á markaði um leið og stjórn félagsins samþykkir að undirbúa slíka ákvörðun. Allt annað viðmið væri óeðlilegt því ella hefði stjórn félags í slíkri stöðu það í hendi sér hvenær hún ákveddi að láta innherjareglur laganna byrja að gilda gagnvart stjórnendum félagsins. Önnur túlkun en þessi, t.d. sú að ákvæðin taki gildi við formlega umsókn um skráningu í Kauphöll, fæli í sér að innherjaákvæði laganna næðu ekki tilgangi sínum. Kærendur telja því að það sé öruggt að innherjareglur IX. kafla laga nr. 33/2003 hafi byrjað að gilda gagnvart stjórnendum SPRON eigi síðar en 17. júlí 2007, þegar tilkynnt var um þá formlegu ákvörðun stjórnarinnar að afla samþykkis stofnfjáreigenda fyrir því að breyta SPRON í hlutafélag og skrá hlutafélagið síðan á markað beint á eftir.

Kærendur telja því að áðurnefndir stjórnarmenn SPRON hafi brotið 64. gr. laga nr. 33/2003 eins og ákvæðinu var breytt með 20. gr. laga nr. 31/2005, þegar þeir létu undir höfuð leggjast að tilkynna FME um umfangsmikla sölu sína á stofnfjárbréfum á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007.

Í þessu sambandi vekja kærendur sérstaka áherslu á skýringar með 57. og 58. gr. laga nr. 33/2003, eins og þeim var breytt með 15. gr. laga nr. 31/2005. Þar kemur fram að við mat á því hvort upplýsingar hafi marktæk áhrif þá skuli litið til þess hvort skynsamur fjárfestir myndi nota upplýsingarnar, yrðu þær gerðar opinberar, sem hluta af þeim grunni sem hann byggir fjárfestingarákvarðanir sínar á.

Kærendur fullyrða eftirfarandi:

- Ef sala stjórnarmannanna á stofnfjárbréfum sínum á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007 hefði verið gerð opinber á þeim tíma þá hefði heildarmynd skynsams fjárfestis orðið allt önnur en hún var á þeim tíma og önnur en sú sem stjórnin teiknaði upp fyrir stofnfjáreigendur á þessu tímabili og á fundi stofnfjáreigenda 21. ágúst 2007. Kærendur fullyrða að hefði það verið gert opinbert að stjórnarmenn væru að selja bréf sín á þessum tíma þá hefði stór hluti stofnfjáreigenda tekið þær upplýsingar sem vísbendingu um að verð stofnfjárbréfa væri hærra en nokkur von væri um að hlutabréf í nýju hlutafélagi gæti orðið, miðað við forsendur í verðmati Capacent. Rétt er að minna á það sem áður hefur verið nefnt að verðmat Capacent hefur ekki fengist birt nema um fjárhæð en ekki forsendur og aðferðir. Hins vegar hafa stjórnarmenn og forstjóri haft aðgang að því mati. Kærendur fullyrða að mjög margir stofnfjáreigendur

hefðu tekið upplýsingum um sölu stjórnarmanna á þessum tíma sem áskorun um að selja stofnfjárbréf sín með þeim rökum að úr því að stjórn SPRON hafði ekki meiri trú á fyrirtækinu miðað við það sem verið var að leggja til þá væri ekki ástæða til fyrir almenna stofnfjáreigendur að hafa meiri trú á fyrirtækinu en stjórnarmenn sýndu í verki með sölu stofnfjárbréfa.

- Ef sala stjórnarmannanna á stofnfjárbréfum sínum á tímabilinu 18. júlí til 7. ágúst 2007 hefði verið gerð opinber á fundi stofnfjáreigenda 21. ágúst 2007, þar sem leitað var eftir samþykki þeirra fyrir þeirri ákvörðun stjórnarinnar að breyta SPRON í hlutafélag, þá hefðu þær upplýsingar haft marktæk áhrif á fundarmenn og afstöðu þeirra til þess hvort þeir samþykktu tillögu stjórnarinnar eða ekki. Kærendur leyfa sér að fullyrða að hefði verið upplýst af hálfu stjórnar og forstjóra að stjórnarmenn væru búnir að selja eftir 17. júlí 2007 jafn mikið af stofnfjárbréfum sínum og síðar kom í ljós þá hefðu stofnfjáreigendur aldrei samþykkt tillögu stjórnarinnar um að breyta SPRON í hlutafélag. Stofnfjáreigendur hefðu þá krafist svara við því hvaða ástæður lágu að baki því að stjórnendur fyrirtækisins væru að selja á sama tíma og verið væri að telja stofnfjáreigendum almennt trú um að hagur þeirra myndi eingöngu vænkast með breytingu fyrirtækisins í hlutafélag.

Með vísan til þess sem að framan er rakið telja kærendur að það sé nægilega í ljós leitt að miklar líkur séu á því að stjórn og forstjóri SPRON hafi brotið ákvæði IX. kafla laga nr. 33/2003 með því að selja og samþykkja sölu tilgreindra stjórnarmanna á stofnfjárbréfum sínum og að halda þeirri sölu leyndri, bæði þegar hún fór fram og eins fyrir stofnfjáreigendum á fundi þeirra 21. ágúst.

Með öðrum orðum þá vilja kærendur að margnefnt athæfi stjórnarmannanna, bæði þeirra sem seldu og einnig þeirra sem samþykktu söluna, sem og forstjórans, fái lögreglurannsókn, eftir atvikum sem brot á reglum IX. kafla laga nr. 33/2003 eða sem brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Kærendur telja, í ljósi þess sem að framan er rakið, að ekki verði hjá því komist að hefja opinbera rannsókn af hálfu lögreglu á athæfi stjórnarmannanna. Margt er óljóst um þessi viðskipti og aðdraganda þeirra. Fyrir liggur að þeim var að ásetningi leynt og þar með beittu stjórnarmennirnir stofnfjáreigendur blekkingum. Hefði verið tilkynnt um sölu stjórnarmannanna er ljóst að stofnfjáreigendur hefðu gert sér grein fyrir að traust stjórnarmanna á SPRON var ekki í líkingu við það sem gefið var í skyn í opinberri umræðu og á fundum með stofnfjáreigendum. Fullyrt er af kunnugum að stjórnarmenn hafi haft undir höndum fleira en eitt verðmat og það verðmat sem vitað er að stjórnin hafði undir höndum hefur af stjórninni verið skilgreint sem trúnaðarplagg og því neitað að gera það opinbert. Engar upplýsingar voru gerðar opinberar úr plagginu aðrar en fjárhæðin sjálf, 59,4 milljarðar. Forsendur verðmatsins og aðferðir hafa aldrei verið birtar, en um þær vissu stjórnarmennirnir.

Kærendur beina erindi sínu bæði til saksóknara efnahagsbrota og ríkissaksóknara þar sem saksóknari efnahagsbrota hefur með bréfi talið ekki tilefni til að hefja rannsókn vegna framangreindrar meintrar refsiverðrar háttsemi stjórnar og forstjóra SPRON. Kærendur telja sig með kæru þessari hafa hnekkt því mati en vegna alvarleika málsins telja þeir engu að síður nauðsynlegt að bæði embættin fái kæruna, svo tryggt verði að málið fái rannsókn lögreglu, hvort sem er með því að saksóknari efnahagsbrota bregst við

kæru þessari eða með því að ríkissaksóknari gefi saksóknara efnahagsbrota, vegna kærunnar, fyrirmæli þar að lútandi.

Virðingafyllst,

140440-4429

Guðmundur Ómar Óttarsson 200445-4819

Vilhjálmur Bjarnason 200452-7719